

hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða **127**  
kostnaðinn að fullu. 8. júlí

## 92. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

128

**um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.**

10. júlí

Frá þessum degi og þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, né erlent smjörlíki, sem flutt kynni að verða til landsins, smjöri.

Auglýsing dags. 3. febrúar þ. á. um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki er jafnframt úr gildi fallin.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Vígfús Einarsson.*

**AUGLÝSING**

129

**um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð  
um barnavernd í Dalvík.**

12. júlí

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

**REGLUGERÐ**  
**um barnavernd í Dalvík.**

## 1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Dalvíkurskólahéraðs er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því að þau neyti þess eða hafi það með höndum.